

Aðalfundur Foreldrafélags Leikskólans Fögrubrekku.

Fundur haldinn í hreyfisal leikskólans miðvikudaginn 27. október 2021 kl. 08:15.

Úr stjórn voru mættar Karlotta Helgadóttir og Kamilla Rut Ragnarsdóttir.

Fundargerð ritaði Karlotta Helgadóttir.

Dagskrá fundar:

- **Kynning**

Foreldrar kynntu sig en þetta var í fyrsta skipti sem foreldrar fá tækifæri til að hittast eftir að heimsfaraldurinn skall á. Foreldrar sem mættu voru samtals 14 og svo mættu Edda Valsdóttir, leikskólastjóri, og Erla Jóna Gísladóttir, leikskólaliði.

- **Foreldrafélagið**

Stjórnin kynnti starf foreldrafélagsins fyrir foreldrunum og fór yfir stöðuna á reikningum. Foreldrum var gert grein fyrir að nú vanti fólk í stjórn því stór hluti stjórnarinnar hafði hætt um leið og börn þeirra hófu skólagöngu og stjórnin taldi því aðeins tvo meðlimi. Fimm foreldrar skráðu sig í foreldrafélagið sem nú telur þá sjö meðlimi samtals: Sólrún Rós Eiríksdóttir var kjörin formaður, Helgi Möller var kjörinn gjaldkeri og Hildur Skarphéðinsdóttir var kjörinn ritari. Tryggvi Níelsson, Svanhvít Ljósbjörg Gígja, Kamilla Rut Ragnarsdóttir og Karlotta Helgadóttir voru kjörnir meðstjórnendur. Erla Jóna Gísladóttir, leikskólaliði, og Edda Valsdóttir, leikskólastjóri, verða tengiliðir foreldrafélagsins.

- **Gjafir**

Rætt var að kaupa klifurvegg í hreyfisal leikskólans og jafnvel dýnu til að hafa undir honum þar sem dýnan sem nú er til staðar yrði ekki nógu stór. Nú er beðið eftir tilboði í klifurvegginn og þegar tilboðið liggur fyrir mun stjórnin taka ákvörðun með kaupin. Erindið þyrfti næst að fara fyrir eignadeild Kópavogsbæjar þar sem tryggja þarf að útfærslan af klifurgrindinni sé vottuð og skv. öllum öryggisstöðlum sem bærinn setur. Loks myndi smiður á vegum bæjarins setja upp grindina – en auðvitað með fyrirvara um að klifurgrindin standist öll viðmið og verði heimiluð og loks keypt.

Fundi slitið kl. 09:10.